

19. nóvember 2013

Óskar heiti ég. Ég og eiginkonan mín búum, með fjórum börnum okkar, í litlu raðhúsi sem við keyptum árið 2007.

Þessa fasteign keyptum við árið 2007.

Náðum því miður ekki að selja eldri fasteignina og eina leiðin var því að taka lán til að borga restina af húsinu út á lánsveð hjá foreldrum mínum.

Allar þær úrlausnir, vegna skuldaleiðréttinga, sem hafa verið í boði fyrir fólk hafa ekki hentað fyrir okkur þar sem þær hafa allar miðað við veðsetningarhlutfall eigin fasteigna.

Erum við því að borga af lánum miðað við um 140% veðsetningu (m.v. markaðsverð fasteigna), allt verðtryggð lán þar sem greiðslubyrðin hefur hækkað mikið.

Við erum fólk með rúmlega meðaltekjur en þessi greiðslubyrði hefur verið að sliga okkur alveg svakalega mikið síðustu ár og hefur reyndar farið versnandi ár eftir ár. Á árunum eftir hrun þá hafa allir okkar peningar farið í brýnustu nauðsynjar og LÁNIN, gjafir mega ekkert kosta, friin mega ekkert kosta, bíllinn keyrður sem minnst vegna bensínsverðs, eins lítið og hægt er eytt í mat, tómstundir litlar sem engar o.fl. Samt sem áður ef áfram heldur sem horfir þá er klárt að við munum missa okkar hús og foreldrar mínir munu fá lánsveðlánið fellt á sitt hús.

Þetta frumvarp myndi algjörlega bjarga okkar vandræðum, þar sem við myndum væntanlega fá niðurfellingu á lánum að hluta og í framhaldi fá viðráðanlegri greiðslubyrði af lánsveðslánum.

Finnst okkur það algjörlega augljóst að þetta sé líka mikið sanngirnismál þar sem fjöldi fólks fékk niðurfellingar á grundvelli 110% leiðar. Sjáum við engin haldbær rök afhverju það fólk ætti að fá niðurfellingar en ekki fólk með lánsveð! Svo má alveg minnst á allar innistæður fólks sem mátti tryggja 100% með neyðarlögunum, afhverju átti það fólk ekki að lenda í hruninu eins og aðrir?

Mér skilst að 3 milljarðar ca. sé upphæðin sem þetta kosti ríkið. Þegar allt er skoðað held ég að það sé ekki stór upphæð í heildarsamhenginu þegar þessir 3 milljarðar geta bjargað fjölda fólks frá gjaldþroti, svo og bjargað húsnæðum þeirra sem veittu lánsveðin.

Ég biðla til Ríkistjórnarinnar að skoða þetta mál af heilum, jákvæðum, hug jafnvel þó að þetta hafi komið frá fyrri Ríkisstjórn. Þetta er gott mál, sanngjarnt, kostar ekki mikið fyrir Ríkið og kemur fjölda fólks til bjargar.

Virðingarfyllst

Óskar Þór Hilmarsson og Þórdís Björg Vöggadóttir.